

Stjórnvaldssekt vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 3. febrúar 2006 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins Össur hf. vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að Össur hf. hafi brotið gegn 63. gr. vvl. þegar félagið tilkynnti ekki til Fjármálaeftirlitsins um víðskipti fjárhagslega tengds aðila innan tilskilinna tímamarka. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs um víðskipti innherja og fjárhagslega tengdra aðila til Fjármálaeftirlitsins. Áttu umrædd víðskipti sér stað þann 26. ágúst 2005 en voru ekki tilkynnt eftirlitinu fyrr en 20. september 2005.

Um var að ræða nýtingu fjárhagslega tengds aðila á kauprétti á bréfum í félaginu. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber fruminnherja að tilkynna útgefanda án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með bréf útgefandans. Engin tilkynning barst hins vegar Össuri hf. um nýtingu kaupréttarins, en fram kom í skýringum félagsins að regluvörður þess hafi verið í sambandi við miðlara bankans sem sá um að afhenda þá kaupréttarsamninga sem í gildi voru á umræddum degi, en að honum hefði láðst að láta miðlara bankans vita að umræddur aðili væri fjárhagslega tengdur fruminnherja. Taldi Fjármálaeftirlitið, með vísan til ummælanna, að sannanleg vitneskja Össurar hf. um víðskiptin hafi verið fyrir hendi og að slík vitneskja, hvernig sem hún væri tilkomin, nægði ein og sér til þess að tilkynningarskyld stofnist á félagið í skilningi 63. gr. vvl. Var þessum skilningi Fjármálaeftirlitsins ekki mótmælt.

Með vísan til framangreinds var talið óumdeilt að Össur hf. hafi ekki tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins um fyrrgreind víðskipti innan tilskilinna tímamarka. Með vísan til þess og 74. gr. vvl. var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 100.000,-